

# Hverfisráð Hríseyjar

66. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar fundaði í Hlein fimmtudaginn 17. janúar 2013 klukkan 14:00. Á fundinn mættu: Ingimar Ragnarsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Anton Már Steinarsson.

## Dagskrá:

1. Stjórnin skipti með sér verkum.  
Ingimar Ragnarsson formaður. [abbir@simnet.is](mailto:abbir@simnet.is)  
Anton Már Steinarsson varaformaður [anton@rad.is](mailto:anton@rad.is)  
Ingibjörg Guðmundsdóttir ritari. [ingibjorg@akmennt.is](mailto:ingibjorg@akmennt.is)
2. Bréf frá Jóni Birgi um úthlutun 1 milljón til umhverfismála í eyjunni. Ýmsar umræður um umhverfið og hvernig megi ráðstafa upphæðinni.  
IG sendir á Lindu auglýsingu um hugmyndasöfnum sem fer fram á vef Akureyrarbæjar.
3. Nettengingar. Bréf frá símanum um stöðu mála. Þar sem kemur fram að þeir séu ekki með það að dagskrá að tengja ljósleiðara út til Hríseyjar. Ingimar kynnti áhuga Vodafone á að koma að málinu ásamt Akureyrarbæ. Geir Kristinn ásamt Ingimar halda málinu opnu.
4. Heilsugæslan. Anton hefur verið í sambandi við framkvæmdastjóra Heilsugæslunnar á Dalvíkur og Fjallabyggðar og fleiri. Svára er að vænta innan mánaðar. Ekki stefna nefndarinnar að fara inn eftir eftir lækniþjónustu heldur fá bættu þjónustu frá Dalvík. Bíðum svára áður en ákveðin verða næstu skref.
5. Sjúkraflutningar. Anton fór á fund Eiríks bæjarstjóra og Þorbjörns slökkvuliðsstjóra. Umræður um flutingsmál innan eyjarinnar áhaldahússbílunni ekki hentugur til sjúkraflutunga. Anton fylgir málinu eftir.
6. Innsend bréf.
  - a) Hækkunir á verðskrá sundlaugar. Ráðið fékk þau svör að hækkunin stafaði af samræmingu gjaldskrár allra sundlauga Akureyrar. Mesta hækkunin er á einstaka ferðum. Hagræðing fyrir íbúa í lækkunum árskorta en aðkomufólk og þeir sem nýta sér einstök skipti greiða meira.
  - b) Hættulegir staðir. Við Hjallavegin er mjög bratt niður í fjöru. Setja þarf upp handrið. Við tjörnina hjá andakofanum (Hafnarvík) þarf þarf að girða eða hreinlega að fylla upp í pollinn.
7. Önnur mál.

- a) Anton sagði frá því að hann hefði kannað við hverja ætti að tala varðandi tröppur milli bryggju og skemma. Anton ætlar að skoða þau mál.
- b) Umræður um hafnarsvæðið og „andlit eyjarinnar.“ Viljum bæta útlit bæjarins, töluvert drasl í kringum Salthúsið og gámasvæði bæjarins ekki til fyrirmyndar heldur.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 15:30.

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Ingibjörgu Guðmundsdóttur